# HEIMIR

II. ÁR. WINNIPEG, 1905. NR. 11–12.

STEPHAN G. STEPHANSSON:

## Milli lesmáls og ljóða.

### SNÆKOLLUR.

Ofurlítill utankyrkjufélags fyrirlestur —

Vor kristni' á þann útbeitar auð
í íslenzkum heiðingjasögum,
að fyrir hvern safnaðarsauð
er sjálfeldis ganga' í þeim högum.— —
Á Snækolli' er snöp fyrir söfnuð,
sé sneggjan hans vel niður jöfnuð.

Ef Snækollur vondslega vann
og varð mest við afturhald riðinn:
Á síns tíma svona var hann
í sunnudagsskólanum sniðinn!
sem orkar á ungling, að heita
því auðsveipni', er fullvitar neita.

Svo studdu' 'ann til misendis manns
þær minjar frá tröllskapar dögum;
það átti við eðlisfar hans
hver öfga' í þeim biblíusögum — —
og samræmt við hefndina höfum
við helvítis djúp undir gröfum.